

## FRÉTTATILKYNNING

6. október 1999

### **Vetraráætlun Flugfélags Íslands hf. Miðdegisflug á milli Reykjavíkur og Egilsstaða mun eyða samkeppni á flugleiðinni.**

#### **Ákvörðun samkeppnisráðs**

Samkeppnisráð hefur tekið ákvörðun ([nr. 26/1999](#)) um að nýtt miðdegisflug Flugfélags Íslands á milli Reykjavíkur og Egilsstaða, samkvæmt vetraráætlun félagsins, brjóti gegn ákvæðum samkeppnislaga. Flugfélaginu er því óheimilt að fljúga miðdegisflug eftir vetraráætlun á umræddri leið.

Flugfélag Íslands, sem er markaðsráðandi í innanlandsflugi, tilkynnti í nýrri áætlun fyrir komandi vetur að félagið mundi bæta miðdegisflugi á milli Reykjavíkur og Egilsstaða við áætlun félagsins frá síðasta vetri. Þetta gerði félagið þrátt fyrir að samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála hafi komist að þeirri niðurstöðu á síðasta vetri, að aukið ferðaframboð Flugfélagsins á umræddum tíma, mundi leiða til þess að áætlunarflug keppinautarins Íslandsflugs, sem er miðdegisflug, legðist af.

#### **Forsendur ákvörðunar samkeppnisráðs**

Flugfélag Íslands heldur því fram að þörf félagsins fyrir að hefja miðdegisflug á milli Reykjavíkur og Egilsstaða, samkvæmt nýrri vetraráætlun, mótist einkum af auknum farþegaflutningum á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Athugun samkeppnisyfirvalda sýnir að sú farþegaþjónsla sem varð í áætlunarflugi samkvæmt vetraráætlun á fyrstu mánuðum ársins hafi aðeins orðið í morgun- og kvöldflugi. Farþegum í miðdegisflugi hafi hins vegar ekki fjölgað. Sýnt hefur verið fram á að miðdegisflug Flugfélags Íslands yrði rekið með miklu tapi miðað við núverandi eftirspurn eftir flugi á þeim tíma, jafnvel þótt Flugfélaginu tækist að ná til sín öllum farþegum Íslandsflugs.

Meðal annars með hliðsjón af ofanrituðu telur samkeppnisráð að miðdegisflug Flugfélags Íslands á umræddri flugleið samkvæmt vetraráætlun sé til þess fallið að eyða samkeppni á leiðinni. Þess vegna fari það gegn ákvæðum samkeppnislaga.

Samkeppni í áætlunarflugi á innanlandsleiðum sem hófst með afnámi sérleyfa Flugfélags Íslands um mitt ár 1997 leiddi til umtalsverðrar lækkunar á flugfargjöldum. Eftir að Íslandsflug hætti að fljúga á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar á síðasta ári hafa flugfargjöld á þeirri leið hækkað meira en á öðrum leiðum. Samkeppnisráð telur ástæðu til að óttast að svipað kunni að gerast hverfi samkeppni í innanlandsflugi á leiðinni milli Reykjavíkur og Egilsstaða.

#### **Forsaga málsins**

Þegar sérleyfi Flugfélags Íslands til áætlunarflugs á helstu flugleiðum innanlands voru afnumin á miðju ári 1997 var það mat samkeppnisráðs að nýir keppinautar þyrftu ákveðinn umþóttunartíma til að hasla sér völl á tilteknum flugleiðum. Því var lagst gegn þeirri ætlan Flugfélags Íslands sl. haust að taka upp miðdegisflug á flugleiðinni milli Reykjavíkur og Egilsstaða, en það var sá tími sem Íslandsflug hafði valið til að

Þjóna viðkomandi markaði. Flugfélagið hafði hins vegar aðeins flogið á umræddri leið á morgnana og kvöldin, þegar eftirspurnin er mest. Þrátt fyrir viðhorf samkeppnisfirvalda tilkynnti Flugfélagið að það hygðist hefja miðdegisflug samkvæmt vetraráætlun frá 15. mars sl. á áður nefndri leið á milli Reykjavíkur og Egilsstaða. Samkeppnisráð tók þá ákvörðun um að ætlun Flugfélags Íslands um að hefja miðdegisflug samkvæmt vetraráætlun væri skaðleg samkeppnishindrun markaðsráðandi fyrirtækis í skilningi samkeppnislaga. Hún mundi leiða til þess að keppinautur fyrirtækisins hrökklaðist út af markaðnum og samkeppni mundi leggjast af. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti þessa niðurstöðu samkeppnisráðs sl. vor.